

20. október 2020

Fundargerð (13)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 20. október, kl. 14.00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson og Sverrir Jónsson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 16. október.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 12.** fundar stýrihóps. Bára Hildur upplýsti um stöðu einstakra mála sem ákvarðanir voru teknar um á fundinum 6. október. Fundargerðin samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Vefmál og fræðsla.** Bára Hildur gerði grein fyrir minnisblaði verkefnisstjórnar, dags. 16. október, þar sem fram kemur ósk um að stýrihópurinn ræði hugmyndir um umbætur:
 - Að vefsíðan beri með sér hverjir standa að verkefninu og að þar séu birtar upplýsingar um skipulag og störf stýrihóps og verkefnisstjórnar.
 - Að vefsíðan sé um betri vinnutíma vaktavinnufólks og geti skýrt og skerpt á þeim spurningum sem eru sértækar fyrir vaktavinnu.
 - Að setja inn upplýsingar um ábyrgðaraðila á fræðsluefni um betri vinnutíma í vaktavinnu og skýrar hvert eigi að leita með spurningar.
 - Að bandalögin, Fíh og launagreiðendur vísi á eigin síðum í fræðsluefni á vefnum www.betrivinnutimi.is til að tryggja uppfærðar og réttar upplýsingar.Jafnframt upplýsti Bára Hildur að frá því að minnisblaðið var samið og sent út hafi ýmis framfaraskref verið stigin varðandi vefinn ekki síst í samstarfi við vefstjóra Stjórnarráðsins. Eftir umræðu um málið var verkefnisstjórn falið að halda áfram samstarfi við þá sem hlut eiga að máli með það að markmiði að þeir sem breytt vaktavinnufyrirkomulag snertir geti fundið efni við sitt hæfi á vefnum og upplýsingar birtist örugglega og snurðulaust.
4. **Fastir fundir verkefnisstjórnar með félögum og einstökum vinnustöðum.** Stýrihópurinn fagnaði fyrirbyggjandi tillögu verkefnisstjórnar um mánaðarlega fasta fundi með fulltrúum frá bandalögum og Fíh til að fara yfir betri vinnutíma í vaktavinnu. Bent á að æskilegt væri að hafa tíðari fundi, t.d. hálfsmánaðarlega.

20. október 2020

Samþykkt að hafa slíka fundi og verkefnisstjórn falið að finna fasta fundartíma sem henta fulltrúum frá launafólki.

5. **Fastir fundir verkefnisstjórnar með launagreiðendum.** Fyrirliggjandi tillaga verkefnisstjórnar um fasta vikulega fundi samþykkt.

6. Önnur mál

- **Starfsmenntasjóðir og þátttaka í kostnaði við námsefni fyrir stjórnendur og starfsmenn.** Verkefnisstjórn lagði til að stýrihópurinn sendi bréf til stjórna starfsmenntasjóða og óski þátttöku þeirra í gerð fræðsluefnis um betri vinnutíma í vaktavinnu. Hugmyndin sé að bjóða upp á hlaðborð fræðslu fyrir stjórnendur og starfsmenn og kaupa þurfi að sérfræðipækkingu, m.a. fyrirlestra sem verði öllum aðgengilegir. Málið rætt og verkefnisstjórn falið að gera drög að bréfi í samvinnu við fundarstjóra. Drögin verða send stýrihópnum til yfirferðar og athugasemda áður en bréf verður sent í nafni hans.
- **Næstu fundir.** Ákveðið að næstu fjarfundir verði boðaðir þriðjudagana 3. nóvember og 17. nóvember kl. 14 til 15.30.

Fundi slitið kl. 15:14. Fundargerð er aðgengileg á Teams.